

Nd.

544. Breytingartillaga

[55. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá fjármálaráðherra.

Inn í frumvarpið bætist ný grein er verði 34. gr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árunum 1982—1985 að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar, með sjálfskuldarábyrgð lán til smíði á fiskiskipum innanlands sem nemi allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skip þessi mega vera allt að 35 m löng með vélarafli allt að 1000 hö. Heimild þessi nær til smíði fjögurra skipa í senn. Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.